

Verkefnastjórn Rammaáætlunar
B.t. Stefáns Gíslasonar, formanns

Mývatnssveit, 3. ágúst 2016

Efni: Athugasemdir við drög að lokaskýrslu 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar. Athugasemdir þessar beinast að R3297A Bjarnarflagsvirkjun og R3298A Kröfluvirkjun sem eru í orkunýtingarflokki samkvæmt rammaáætlun 2013 og eru lagðar fram í 3. áfanga með engum eða óverulegum breytingum.

Lífríki Mývatns- og Laxár hefur hnignað verulega síðan virkjun jarðhita og námuvinnsla á botni vatnsins hófust. Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit, krefst þess að Bjarnarflagsvirkjun og Kröfluvirkjun II verði settar í verndarflokk vegna fyrirsjáanlegra skaðlegra áhrifa þeirra á einstaklega viðkvæmt lífríki sem þegar berst í bökum, samfélag manna og aðrar atvinnugreinar. Til vara er þess krafist að metin verði saman áhrif Kröfluvirkjunar II, Bjarnarflagsvirkjunar og Þeistareikjavirkjunar og línulagna sem þeim fylgja á umhverfi, samfélag og aðra atvinnustarfsemi. Síðastnefnda virkjunin er í byggingu og áformað að 45 MW framleiðsla hefjist haustið 2017 og framleiðslugetan tvöfaldist vorið 2018 (Fréttabréf Landsvirkjunar í mars 2016).

Verndarsvæði Mývatns og Laxár hefur verið á rauðum lista Umhverfisstofnunar frá árinu 2012, sem náttúruverndarsvæði í hættu. Í maí 2016 skipaði umhverfisráðherra samstarfshóp um málefni Mývatns, en tilgangur hópsins skv. skipunarbréfi er að: „... draga saman bestu fánlega þekkingu í stuttu máli um: - ástand Mývatns og Laxár og lífríkis þess og þann vanda sem við blasir þar sérstaklega nú, - hverjar séu helstu uppsprettur næringarefna sem berast í Mývatn og líklegar orsakir þess vanda sem nú er við að eiga, - hvaða aðgerðir koma til greina til að reyna draga úr ofauðgun og bakteríublóma í vatninu, - hvernig unnt sé að bæta vöktun og upplýsingagjöf um ástand vatnsins og lífríki þess.“ Hópurinn skilaði skýrslu í júní sl. Í skýrslunni er minnst á að affallsvatni frá jarðböðunum sé veitt í grunna borholu, en að öðru leiti ekki gerð grein fyrir áhrifum núverandi og tilvonandi orkuvinnslu á vistkerfi vatnsins og sveitarinnar.

Samkvæmt drögum að lokaskýrslu 3. áfanga rammaáætlunar er því haldið fram að Bjarnarflagsvirkjun og Kröfluvirkjun II skuli óbreytt vera áfram í nýtingarflokki þar sem engar eða óverulegar breytingar hafi komið fram frá rammaáætlun 2013. Því erum við ekki sammála og bendum því til stuðnings meðal annars á ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu Bjarnarflagsvirkjunar frá 7. nóvember 2014 og skýrslu Vatnaskila um mengun á brennisteinsvetni frá fyrirhuguðum virkjunum. Að auka orkuvinnslu á Kröflu/Bjarnarflagssvæðinu úr 60 MW í 300 MW er að okkar mati alltof mikið inngrip í viðkvæma náttúru svæðisins,

ekki hvað síst í ljósi þess átaks sem stjórnvöld standa nú fyrir við að minnka álag af manna völdum á lífríki vatnsins.

Stjórn Fjöreggs lítur svo á að framtíð í atvinnumálum sveitarinnar sé áframhaldandi uppbygging ferðapjónustu ásamt störfum sem tengjast náttúruvernd, rannsóknum og landbúnaði. Uppbygging Kröflu II og Bjarnaflagsvirkjunar ógnar þessari framtíðarsýn, bæði með áhrifum á náttúru svæðisins og upplifun ferðamanna, en einnig vegna mannlegs samfélags í sveitinni. Við teljum að þessar virkjanir komi til með að valda deilum og sundrunu meðal heimamanna. Eftir áratuga hatrammar deilur innan sveitarinnar í kjölfar uppbyggingar Kísiliðjunnar við Mývatn er samfélagið í sveitinni loks að ná sér á strik. Af erfiðri reynslu síðustu áratuga þá er okkur ljóst að komi aðrar umdeildar framkvæmdir til með að verða settar upp á næstu árum þá verði það á kostnað lífsgæða íbúanna og frelsis til að búa í friðsælu samfélagi.

Sjónarmið framkvæmdaraðila byggjast á því að niðurdæling affallsvatns og hreinsun brennisteinsvetnis úr andrúmslofti komi til með að ganga upp þrátt fyrir að hvoru tveggja hafi reynst geta verið erfiðleikum háð á öðrum háhitasvæðum. Jafnframt er gengið út frá því að vatnsmagn, hitastig og efnasamsetning í lindum í Mývatni komi ekki til með að raskast við framkvæmdirnar. Ef einhverjar af þessum forsendum bregðast má búast við að vatnið og jafnvel líf og heilsa íbúa sveitarinnar verði fyrir langvarandi tjóni vegna of hás styrks af brennisteinsvetni. Reynsla við aðrar háhitavirkjanir hefur leitt í ljós að erfiðleikar geti bæði komið upp varðandi niðurdælingu og hreinsun brennisteinsvetnis, auk þess sem fullyrðingar um engin eða óveruleg áhrif á lindainnstreymi í vatnið eru gríðarlega mikilli óvissu háðar.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun á matskýrslu Bjarnaflagsvirkjunar var tekið fram hvort endurskoða þurfi áhrif virkjunarinnar á gróður, smádýralíf, hveralíf, menningarminjar, ásýnd, ferðamennsku, landslag og jarðmyndanir, niðurrennsli og skjálftavirkni, jarðhitakerfi og orkuforða, grunn og yfirborðsvatn, hljóðvist og loftgæði.

Landsvirkjun brást við ákvörðun Skipulagsstofnunar með því að kæra hana til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og eftir því sem best er vitað er nefndin enn með málið til meðferðar. Eigi að síður hefur fyrirtækið greint frá því að farið verði í nýtt mat en vegna sérstöðu svæðisins sé nauðsynlegt að taka varfærin skref. Á næstu misserum verði umhverfisáhrifi 50 MW virkjunar í Bjarnaflagi metin (Fréttabréf Landsvirkjunar í júní 2016). Fyrri mat var fyrir 90 MW virkjun. Fjöregg telur þessa þróun málsins sýna að stjórnendur fyrirtækisins geri sér grein fyrir því að virkjun á þessum stað yrði mikið hættuspil og litlar eða engar líkur á heimild fengist til 90 MW virkjunar. En 50 MW virkjun er líka mikið hættuspil, hún getur valdið minnkandi kísilstreymi til Mývatns vegna kólnunar og/eða minna rennslis, eiturefnamengun af borholuvökva, brennisteinsvetnismengun í andrúmslofti og hávaða. Samlegðaráhrif og heildstætt mat á áhrifum virkjunarinnar á vistfræði vatnsins draga upp dökka mynd. Þegar haft er í huga að flestir vinsælustu

ferðamannastaðir og öll tjaldstæði í Mývatnssveit eru í nágrenni við Bjarnarflag ætti að vera öllum ljóst að þetta er ekki ákjósanlegur staður fyrir jarðgufuvirkjun. Grunnskóli sveitarinnar er í næsta nágrenni og brennisteinsvetni er þung lofttegund sem læðist með jörð og er því hættulegri börnum en fullorðnum. Óhjákvæmilegt virðist að virkjun á þessum stað myndi spilla loftgæðum og hljóðvist íbúa í Reykjahlíðarþorpi og Vogahverfi og gesta sem sækja svæðið heim. Kyrrð, friðsæld og fámenni eru eftirsóknarverðari lífsgæði en áður. Haldið er fram að möguleikar á því að byggja upp vetrarferðamennsku í Mývatnssveit byggist ekki síst á kyrrð og hreinu lofti í víðum fjallasal. Í frummatsskýrslu Bjarnarflagsvirkjunar kom fram að í affallsvatni geti verið ýmis efni sem séu skaðleg lífríki ef þau berist í yfirborðsvatn eða grunnvatn. Sérfræðingar Ramsar (alþjóðasamnings um vernd votlendis), sem heimsóttu Mývatnssveit sumarið 2013 sögðu í skýrslu sinni að helsta ógn sem steðjaði að vistkerfi svæðisins væri leki úrgangsvatns frá jarðhitavirkjunum. Í frummatsskýrslunni segir einnig að affallsvatn geti hitað grunnvatnið og komið af stað óheppilegum efnahvörfum. Meðal annars geti breytingar á sýrustigi bæði verið skaðlegar lífríki og leitt til leysingar þungmálma. Styrkur snefilefna sem talist geta mengandi fyrir grunnvatn hafi verið mældur í affallsvatni frá vinnsluborholum í Bjarnarflagi og sé styrkur áls, arsens, bórs og kvikasilfurs yfir viðmiðunarmörkum fyrir neysluvatn og líf í ám og vötnum. Fram kemur einnig að lekt svæðisins sé mikil og geti valdið vandræðum við niðurdælingu. Því til stuðnings má benda á að niðurdælingarhola við Jarðböðin hafi á 100 m dýpi endað í miklu holrými, sem erfitt er að sjá fyrir hvert liggur. Framkvæmdaraðili hefur í málflutningi sínum eftir gerð frummatsskýrslunnar ítrekað gert lítið úr áhrifum mengunar hættulegra efna frá virkjunum á lífríki Mývatns, þrátt fyrir háan efnastyrk og án þess að sýna fram á fullnægjandi rannsóknir máli sínu til stuðnings. Benda má á að arsen er afar eitrad efni, sem getur í mjög litlum mæli valdið krabbameini og getur borist í líkama manna við inntöku með mat eða drykk, í gegnum húð eða við innöndun. Kvikasilfur er þungmálmur og eyðist því ekki í náttúrunni heldur magnast styrkur þess upp í fæðukeðjum. Þannig getur styrkur kvikasilfurs orðið hár í fiskum ofarlega í fæðukeðjum. Því þarf magn kvikasilfurs í lindum ekki að aukast mikið til þess að hafa áhrif á lífríkið. Í Þingvallavatni hefur á undanförunum árum mælst svo hár styrkur kvikasilfurs í urriða í vatninu að varað hefur verið við neyslu á honum (<http://www.matis.is/media/matis/utgafa/48-09-Kvikasilfur-i-urrida.pdf>). Áhrifum af völdum affallsvatns frá Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjunum hefur verið kennt um ástandið. Það er ósk Mývetninga að veiði í Mývatni taki við sér í framtíðinni. Við teljum ekki æskilegt í þeirri framtíðarsýn að auka á möguleika þess að fiskurinn í vatninu verði þá ekki talinn hæfur til manneldis sökum mengunarefna eins og kvikasilfurs. Sérfræðingar hafa varað við þeirri hættu sem fiski í Mývatni myndi stafa af Bjarnarflagsvirkjun (Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur í Fréttablaðinu 25.03.14).

Þingvallavatn hefur einnig sýnt merki um súrnun, sem sennilega er vegna brennisteinsvetnismengunar frá nálægum háhitavirkjunum. Samkvæmt skýrslu frá Vatnaskilum nær þynningarsvæði brennisteinsmengunar yfir allt Mývatn verði af Bjarnarflagsvirkjun og Kröflu II. Þingvallavatn er mjög djúpt, mesta dýpi yfir 100

metrar og meðaldýpi um 34 metrar. Til samanburðar er Mývatn einungis 2 - 4 metra djúpt á ódældum svæðum. Rúmtak vatns í Mývatni er því margfalt minna miðað við yfirborðsflatarmál og því má ætla að áhrif súrnunar gætu verið mun meiri en raunin hefur orðið í Þingvallavatni miðað við sama styrk brennisteinsvetnis.

Mývetningum var ítrekað sagt á sínum tíma að Kísiliðjan hefði ekki neikvæð áhrif á náttúru Mývatns og ekki fyrr en henni var lokað að yfirgnæfandi gögn bentu til að hún hefði haft langvarandi neikvæð áhrif á vistkerfi vatnsins. Mývetningar geta ekki sætt sig við að vistkerfi sveitarinnar séu sett aftur undir það að sanna þurfi neikvæð áhrif án þess varúðar sé gætt, enda verður virkjunum ekki lokað ef og þá þegar skaðinn verður skeður. Við teljum það ekki lengur réttlætanlegt að það sé hlutverk vísindamanna að sanna að framkvæmdir í sveitinni hafi neikvæð áhrif á náttúruna, það sé hlutverk framkvæmdaraðila að sanna að svo sé ekki, enda hefur varúðarreglan nú verið lögfest hér á landi. Við teljum þó að af þeim gögnum sem fyrir liggja, reynslu samfélagsins af stórum framkvæmdum, þeirri stöðu sem lífríki vatnsins er í og stefnu stjórnvalda um að minnka mannleg umhverfisáhrif á lífríki sveitarinnar, augljóst að í þessar miklu orkuframkvæmdir sé fráleitt að fara.

Virðingarfyllt,

Stjórn Fjöreggs, félags um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit